



Áfangalýsing ML

| | |
|-------------------------|---|
| Titill: | Mengi og margliður |
| Námsgrein: | Stærðfræði |
| Viðfangsefni: | Margliður |
| Skammstöfun: | STÆR2MB05 |
| Þrep: | 2 |
| Einingafjöldi: | 5 |
| Lýsing: | Nemendur eru þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru í stærðfræði. Nemendur eiga að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð á eigin námsframvindu. Farið verður í hluti eins og annars stigs jöfnur/ójöfnur og margliður. Einnig nýting á viðeigandi forritum t.d. GeoGebra og Desmos. |
| Forkröfur: | Engar |
| Þekkingarviðmið: | Nemandi skal kunna skil á: <ul style="list-style-type: none">• annars stigs jöfnum, algildisjöfnum og ójöfnum• deilingu margliða, þáttun margliða• að finna núllstöðvar og formerki margliða• gröfum í hnitakerfi svo sem línu og fleygboga og að finna skurðpunkta þeirra• gröfum ójafna |
| Leikniviðmið: | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• skrifa texta verkefni sem jöfnu eða jöfnuhneppi, leysa fyrsta og annars stigs jöfnur• beita margliðudeilingu, þáttun margliða• teikna línur og fleygboga í hnitakerfi• finna skurðpunkta ferla• nýta forrit til að teikna og skýra stærðfræðileg fyrirbæri |
| Hæfniviðmið: | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu• skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt• geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta• takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau |